



Hvernig myndaðist bungan í Gale gígnum?

ESP_030880_1750



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Vísindamenn hafa velt fyrir sér uppruna miðbungunnar í Gale gígnum frá því áður en Curiosity lenti skammt frá henni. Ein tilgáta er sú að stöðuvatn hafi eitt sinn fyllt upp í gígin og lögin í bungunni hafi myndast þegar set féll úr vatninu niður á botninn. Önnur tilgáta tengist ryki eða eldfjallaösku sem féll úr lofti og myndaði þannig lögin. Í báðum tilvikum gæti lögin hafa veðrast við jaðrana og myndað miðbunguna. Curiosity mun geta prófað þetta líkan. Ef vindar mynduðu og mótuðu bunguna mun Curiosity ekki finna margar vísbendingar um vatnstengd ferli.